

Fundargerð

Efni fundar: Háskólaráð 2026-02

Dagsetning: 24. febrúar 2026

Staðsetning: Hvanneyri og TEAMS

Málsnúmer: MAL2024090245

Viðstödd: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Áshildur Bragadóttir, Jóhanna Gísladóttir, Bragi Geir Bjarnason, Guðmundur Fertram Sigurjónsson, Þórunn Jónsdóttir og Birgir Þór Haraldsson

Theodóra Ragnarsdóttir, rekstrarstjóri, var gestur fundarins undir lið 1 og Jón Grétar Sigurjónsson, kennsluforseti, sat allan fundinn.

Forföll: Engin.

Fundur settur 13:17.

1. Fjármál

Rekstrarstjóri mætti og kynnti rekstrarniðurstöðu ársins 2025 og stendur skólinn vel. Tekjur hafa verið færðar á milli ára þar sem bygging jarðræktarmiðstöðvar hefur frestast og vegna fyrirfram greiðslna til rannsóknaverkefna. Breyting á árinu 2025 undir liðnum 'Framlag ríkissjóðs' kemur til þar sem ráðuneytið setur nú verkefnastyrki sem koma í gegnum ráðuneytið inn sem fjárheimild. Rætt var að ekki er verið að greiða föstum starfsmönnum verktakagreiðslur ofan á laun. Rætt hvort nýr stofnanasamningur við FÍN myndi hafa mikil áhrif á rekstrarniðurstöðu fyrir árið, en þar sem þær breytingar snúa aðallega að afkastahvetjandi greiðslum til starfsmanna ættu áhrifin ekki að vera veruleg. Rekstraráætlun fyrir árið 2026 lítur vel út og rekstrarstjóri þakkað fyrir góð störf.

2. Kennsluáætlun

Kennsluskrá 2026-2027 og starfsáætlun Landbúnaðarháskóla Íslands 2026-2027 kynnt fyrir háskólaráði. Umræða um kennsluskrá og þarfir samfélagsins. Bæði skjöl samþykkt.

3. Nýjar námsleiðir

a. Námsleiðir í dýralækningum

Auður hefur skilað góðri vinnu varðandi skipulagningu námsins við LBHÍ og samræmingu við námið úti í Póllandi. Gert er ráð fyrir að nemendur taki fyrstu 2 árin hér við Landbúnaðarháskólann og fari svo út til Póllands. Lagt er upp með að þegar nemendur hafa lokið 3. ári í náminu við SGGW geta þau þá útskrifast með BSc gráðu í búvísindum frá okkur með kjörsviðið heilbrigði dýra. Beðið er eftir drögum að samningi frá SGGW en ný heimasíða fer í loftið á föstudag og háskóladagurinn er á laugardaginn. Miðað við tekjumódelið fyrir námið væri námið ekki að skila neinum afgangi fyrir skólann, en óvissa er til staðar varðandi ýmsa kostnaðarliði. Gert er ráð fyrir að taka inn að lágmarki 10 nemendur en að hámarki 15 nemendur, upp á verklega hlutann. Þegar samningurinn berst fáum við betri mynd á kostnað. En það verður að vera skýrt að námið fari ekki af stað nema það náist lágmarksfjöldi. Rætt var um eftirspurn eftir náminu sem við höfum fundið fyrir, bæði í kynningum í menntaskólum og fyrirspurnum til kennsluskrifstofu. Brottfall til umræðu sem þyrfti að taka með í reikninginn varðandi lágmarks inntökufjölda. Nemendur verða að þreyta inntökupróf sem fylgir umsóknarferlinu, og er gert ráð fyrir að nemendur taki sama inntökupróf og fyrir lækisfræðina í Háskóla Ísland. Ákveðið að rektor verði í sambandi um leið og samningur berst frá SGGW þar sem teknar verða ákvarðanir um næstu skref í gegnum tölvupóst.

b. Nám í tamningum

Ákveðið hefur verið að bjóða þetta ekki sem nám á framhaldsskólastigi að svo stöddu, heldur annaðhvort sem örnám/diplómanám á háskólastigi eða í gegnum Endurmenntun. Ef þetta yrði örnám á háskólastigi yrðu aðgangskröfur stúdentspróf eða nám á 3. hæfniprepi líkt og inn í háskólanám hjá okkur, að öllu jöfnu. Út frá fyrirbyggjandi rekstraráætlun sem lögð var fyrir háskólaráð verður að gera ráð fyrir hærri lágmarksfjölda en þar er lagt upp með. Ef lágmarksfjöldi næst ekki væri hægt að búa það niður og bjóða upp á afmörkuð námskeið í gegnum Endurmenntun. Háskólaráð ræddi kosti og galla þess að útfæra námið á þá leið, meðal annars út frá markhópi, eftirspurn, hagnýtu gildi þess og það hvernig það gæti unnið með hestafræðinni. Eftir góða umræðu var ákveðið að það yrði boðið upp á nám í tamningum sem örnám á háskólastigi. Rektor mun senda út endurskrifuð hæfniviðmið til háskólaráðs ásamt rekstraráætlun og tillögu að lágmarksfjölda fyrir helgina. Kennt yrði á íslensku.

c. Meistaránám í Fiskeldi í samstarfi við Háskólann á Hólum og HÍ

Rektor kynnir námsleiðina, en þetta er verkefni úr samstarfssjóði háskólanna. Hugmyndin er að nemendur sem innriti sig í það meistaránám á Hólum geti tekið námskeið hjá okkur. En ef tiltekinn nemi taki meira en 30 ECTS einingar hjá okkur, eða HÍ, mun nemandinn einnig útskrifast frá samstarfsháskóla. Samþykkt einróma að taka þátt í samstarfinu um þetta meistaránám.

4. Hugverkastefna

Átti að kynna á deildarfundi í morgun en náðist ekki. Athugasemd við stefnuna kom fram fyrir fundinn þar sem beðið var um að skerpt yrði á hlutverki Auðnu tæknitorgs annars vegar og svo Vísindaráðs hins vegar. Rektor sér til þess að skjal sem tekur hefur mið af þeim breytingum verði tekið fyrir á framhalds-deildarfundi sem er á dagskrá fyrir páskafrí í mars og lagt í framhaldi fyrir háskólaráð.

5. Gervigreindarstefna

HÍ og HA hafa birt gervigreindarstefnu hjá sér sem horft var til. Átti að kynna á deildarfundi í morgun en náðist ekki. Verður tekið fyrir á framhalds-deildarfundi sem er á dagskrá fyrir páskafrí í mars og lagt í framhaldi fyrir háskólaráð.

6. Mál til kynningar

- a. Þrjú verkefni styrkt af Rannsóknasjóði, mikið gleðiefni sem mun fjölga framhalds- og doktorsnemunum.
- b. IceNAP LIFE umsókn send inn í mars sem við tökum þátt í og er leitt af Umhverfisráðuneytinu.
- c. UNIgreen samstarfið (samningur 2023-2026) klárast í lok árs. Í nýrri umsókn gengur SGGW út en einn háskóli í Finnlandi gengur inn og einn í Þýskalandi. SGGW verður associated partner.
- d. NABU í Þýskalandi hefur nálgast LBHÍ um að koma með mótframlag í Peatland LIFeline verkefnið og hyggst rektor skrifa undir samning við þau þess efnis á næstu dögum eftir samráð við FSRE. Háskólaráð gerir ekki athugasemd við það.
- e. Jarðræktarmiðstöð og rannsóknagróðurhús – staða mála. Kostnaðaráætlun hækkaði, en stuðningurinn við verkefnið er enn víðtækur úr öllum áttum. FSRE hyggst leggja lokahönd á útboðsgögn í mars sem verði svo lagt fyrir SOF. Ný tímalína gerir þá ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist í október 2026 ef allt gengur upp. Verður kynnt fyrir starfsfólki á upplýsingafundi rektors næsta föstudag.
- f. Lagafrumvörp um háskóla og stuðningsumhverfið rædd stuttlega. LHÍ eini opinberi háskólinn sem hefur birt uppfærða verðskrá fyrir nemendur utan EES.
- g. Ný viðurlög við ritstuldi rædd á deildarfundi fyrr í dag þar sem sett voru fram skilgreiningar og viðmið.